

Rannsóknarverkefni á og við vatnsverndarsvæði Veitna og Orku náttúrunnar

Þekkingu skortir á grunnvatnsstraumum á vatnsverndarsvæði Veitna og Orku náttúrunnar. Ákveðið hefur verið að ráðast í rannsóknir til að undirbyggja betur ákvarðanir um landnotkun og vatnstöku ásamt því að tryggja gæði neysluvatns til langrar framtíðar.

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðið

- Tífoldun vatnshæðarmæla í eftirlitsholum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins til að skilja betur áhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu og grunnvatnsstrauma
- Árleg uppfærsla verkfræðistofunnar Vatnaskila á grunnvatnslíkani höfuðborgarsvæðisins
- Úttekt á vatnstökuholum á neðra svæði í Heiðmörk vegna þess hversu útsettar þær eru fyrir örverumengun og mat á mögulegum viðgerðum
- Samstarf við Hafnarfjarðarbæ um greiningu til að meta áhrif vatnstöku Veitna og Kópavogsbæjar á vatnsforða Hafnfirðinga
- Gerð hæðar- og jarðlagalíkana til að skilja áhrif landslags og jarðlaga á grunnvatnsstrauma, yfirborðsvatn og vatnsvinnslu
- Greining á örverum í yfirborðsvatni, jarðvegi og grunnvatni til að skilja betur tengsl örverumengunar og umhverfisþátta
- Mælingar á veðurþáttum ásamt hita og raka í jarðvegi til að skilja betur samhengi veðurs og örverumengunar
- Rannsóknir á örplasti í neysluvatni
- Gerð nýs reiknilíkans til að herma útbreiðslu mengunar í grunnvatni við hugsanleg olíuslys
- Þróa áfram grunnvatnslíkan til að auka þekkingu á grunnvatnsstraumum og áhrifum vatnsvinnslu
- Veðurstofan gerði fyrir OR/Veitur úttekt á veðri og jarðvegshita í kjölfar örverumengunar 2018

Vatnsverndarsvæði á Henglinum

- Fjölgun vatnshæðarmæla í eftirlitsholum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins til að skilja betur áhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu og grunnvatnsstrauma
- Árleg uppfærsla verkfræðistofunnar Vatnaskila á grunnvatnslíkani höfuðborgarsvæðisins Seinni hluta árs 2016 hófst niðurdæling í borholur á CarbFix svæðinu sem er utan við vinnslusvæði virkjunarinnar.